

ÞRIÐJUDAGUR 23. MAÍ 1978

Alríkisdómari í Bandaríkjunum:

Álafoss greiði 69 millj. kr. í skaðabætur

ALRÍKISDÓMARI í Minniapólisborg í Bandaríkjunum hefur dæmt Álafoss hf. til að greiða bandaríska fyrirtækinu Premium Corporation of America 265.745 dollara, eða jafnvirði 69 milljóna króna, í skaðabætur vegna gulu í hvítum kápukrögum, en á móti kemur skuld Premium við Álafoss að upphæð 132.470 dollara, jafnvirði 34,3 milljóna króna. Pétur Eiríksson, forstjóri Álafoss, sagði í samtali við Mbl. að Álafoss hefði áfrýjað dómnum. „Þetta er eina máls höfðunin sem við höfum fengið á okkur vegna þessa.“ sagði Pétur. „og við viljum halda því fram að á þessum kápum hafi ekkert verið fram yfir þá gulu sliki, sem alltaf er á íslenskum gærum. Satt að segja kom okkur þessi máls höfðun mjög á óvart.“

Patrick Mc Davitt lögfræðingur Premium Corporation sagði í samtali við Mbl. að málið snerti 4000 kápur, sem fyrirtækið hefði keypt af Álafossi og hefði reynzt gul sliki á krögum og líningum, sem samkvæmt samningi áttu að vera hvít. Premium-fyrirtækið átti önnur viðskipti við Álafoss og skuldaði röska 132.000 dollara vegna þeirra, þegar kápukaupin fóru fram á árinu 1973. Premium greiddi ekki skuldina og höfðaði þá Álafoss mál á hendur því, en Premium gagnstefndi Álafossi til skaðabóta vegna kápanna. Féll

Ríkisstjórnin fjallar um kjaramálin

KJARAMÁLIN hafa verið til athugunar hjá ríkisstjórninni undanfarið og á ríkisstjórnarfundi í dag verður sérstaklega um þau fjallað. Eftir fundinn í dag er hugsanlegt að niðurstaða á ýmsum athugunum málsins liggja fyrir, en kunnugir telja að ekki sé langt að biða einhverra aðgerða frá ríkisvaldsins hálfu.

Reykjavíkurhöfn:

Framkvæmdir fyrir röskan milljarð á árunum 1974-'78

Til framkvæmda við Reykjavíkurhöfn var varið 550 milljónum króna á árunum 1974-77 miðað við verðlag hvers árs um sig, og á áætlun þessa árs eru 155 milljónir króna til viðhalds og endurbygginga í gömlu höfninni og 350 milljónir króna til framkvæmda í Sundahöfn. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi Reykjavíkurhafnar 1977 voru 680 milljónir króna, sem var 6% hækkun

dómur alríkisdómarans á þá leið, að Premium skuldaði Álafossi 132.470 dollara, en Álafoss skyldi greiða Premium 265.745 dollara í skaðabætur vegna kápanna.

Mc Davitt sagði að Premium-fyrirtækið vissi ekki, hvort Álafoss ætlaði að áfrýja dómnum eða ekki. „Við getum fengið okkar fé, ef Álafoss hefur bankareikning í Bandaríkjunum, af innstæðu á honum, eða ef Álafoss hefur selt öðrum fyrirtækjum í Bandaríkjunum getum við fengið dóm til þess að greiðslur þeirra renni til okkar. Einnig erum við að kanna, hvaða möguleikar eru á Íslandi, ef með þarf,“ sagði Mc Davitt.

Höfn:


Pilturinn lamaður eftir áverkann

LÖGREGLAN á Höfn í Hornafirði hefur haft uppi á manni þeim er veitti piltinum höfuðáverka þar í þorpinu aðfaranótt laugardags, en eins og greint var frá í blaðinu á sunnudag var pilturinn þungt haldinn og fluttur með þyrlu til Reykjavíkur. Þar var líðan hans sögð eftir atvikum í gær en lómun mun hafa komið fram í hluta andlits og öðrum fætinum, en ekki ljóst hversu varanleg hún kann að verða.

Slasaði pilturinn er 16 ára að aldri en árásarmaðurinn er nábylismaður hans á Höfn, 19 ára að aldri, og hefur játað að hafa slegið piltinn með flösku í höfuðið.

frá 1976 og hafði höfnin um 250 milljónir króna af eigin fé til framkvæmda á árinu að sögn Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra.

Hafnarstjórn hefur ákveðið áætlun um viðhald og endurnýjun eldri mannvirkja hafnarinnar og var endurbyggingu Áegisgarðs lokið á árunum 1976 og 77, en það verk kostaði tæpar 85 milljónir króna. Á þessu ári er ætlunin að



Erro og kona hans en þau komu til landsins í gær.

Ljós. MBL. Ó.I.K.M.

Erro kominn til landsins:

„Lízt vel á að sýna á Kjarvalsstöðum“

„ÉG BYRJA væntanlega að hengja upp á morgun, þriðjudag.“ sagði Erro í stuttu samtali við Mbl. er hann var nýkominn til landsins á mánudagsmorgun. Hann mun eins og greint hefur verið frá halda sýningu á 130-150 myndum á Listahátíð frá og með 3. júní. „Mér lízt vel á Kjarvalsstaði,“ sagði hann. „Mér sýnist að þar falli allt

vel inn í, lofthæðin er góð og liturinn á veggjunum heppilegur. Sýningin verður í báðum sölunum og á göngum hússins.“ Þarna mun einnig verða á boðstólum Errobókinn sem er að koma út í tengslum við þessa sýningu, sem AB og Iceland Review gefa út í samstarfi. Erro lét vel af því að vera kominn heim, hann myndi gefa sér góðan tíma til

ad vinna að uppsetningunni og sumar myndir þyrfti að lagfæra og strekkja. Því væri ágætt að þurfa ekki að vera með neinn flýti við það verk. Hann hefur gert plaköt í tilefni sýningarinnar og verður nokkurt upplag af þeim útbúið á sérstakan pappír og til sölu við opnun sýningarinnar og áritað af Erro.

Seðlabanki Íslands:

Ekki tilefni til hækkunar á verðbótapætti vaxta

„Fyrstu fjóra mánuði þessa árs hefur verðbólga enn verið mjög mikil, en þó má telja öruggt, að sú verðbólguvalda, sem hófst upp úr miðju síðasta ári, hafi náð hámarki fyrir nokkru, og allar horfur eru á því, að verðlags-hækkanir verði mun hægari á seinni hluta þessa árs en verið hefur nú um nokkurt skeið. Sé lítið til væntanlegrar verðbólguþróunar á næstu mánuðum og á árinu í heild telur bankastjórn Seðlabankans því, að höfðu samráð við bankaráðið, að ekki sé að sinni tilefni til breytingar á verðbótapætti vaxta,“ segir í frétt

frá Seðlabanka Íslands í gær, en Seðlabankinn endurskoðar verðbótapátt vaxta á þriggja mánaða fresti með tilliti til almennrar verðlagsþróunar.

Í frétt Seðlabankans segir: „Sú aukning, sem orðið hefur á hraða verðbólgunnar á síðustu níu mánuðum hefur leitt til þess, að verðbótapáttur vaxta hefur verið hækkaður tvisvegis á þessu tímabili. Verðbótapátturinn var upphaflega 8% á ári, en hækkaði 21. nóvember 1977 um 3% og 21. febrúar sl. hækkaði hann á ný um 3%. Verðbótapátturinn hefur því verið 14% á ári frá 21. febrúar sl.

Almennir innlánsvextir af sparifé hafa síðan verið 19%, en vextir af vaxtaaukainnlánum 32%. Forvextir af vixlum eru hins vegar 23½% og vextir af vaxtaaukaútlánum 33%. Með þessu vaxtakerfi hefur Framhald á bls. 30.

Engar ákvarðanir enn

ENGAR ákvarðanir höfðu í gær verið teknar um frekari aðgerðir verkalýðshreyfingarinnar vegna kjaradeilunnar við vinnuveitendur. Árdegis í dag verður fundur 10-manna nefndar ASÍ og verða málin þar rædd með tilliti til þess að upp úr viðræðum hefur slitnað. Er þetta fyrsta sinn, sem nefndin kemur saman eftir sáttafundinn síðastliðinn föstudag, er upp úr slitnaði.

Fyrir verkalýðsfélögunum, sem boðuðu olíuinnflutningsbannið, liggur nú beiðni olíufélaganna um undanþágu til þess að losa bensín úr sovétka olíuflutningaskipinu, sem liggur úti fyrir Hafnarfirði. Engin afstaða hefur verið tekin til undanþágubeiðninnar. Þegar líða tekur á þessa viku, má búast við því að bensínskortur fari að gera vart við sig í Reykjavík og nágrenni.

Framhald á bls. 31